



Samþykkt
 0-9 AUG. 2005
 Hilmar Ólafsson
 Byggingarfulltrúi uppsveita Arnessýslu

BYGGINGARLÝSING

ALMENNT: Húsið er sumarhús byggt úr timbri.

UNDIRSTÖÐUR: Húsið er reist á dregurum (T 1 styrkleikaflokkadír) sem eru 2 x 48/198 mm. boltaðir saman með 12 mm. borðaboltum. Skörun bitaenda a.m.k. 200 cm.

GÓLF: Burðarvirki gólfs eru 48/148 mm. þverbitar (T 1 styrkleikaflokkad), c/c 60 cm. og samskonar langbitar, festir saman með BMF bitaskóm og nelgdír með 4 x 50 BMF tengisaum, a.m.k. 8 stk í hvorn bita. Gólfgrind er fest við dregara með BMF gaffalankerum og nelgd með 3,6 x 50 BMF tengisaum, 8 stk. í hvorn enda. Músa og vindvörn er 12 mm. tjörutext fest á 22/24 mm. lista. Einangrun er 125 mm. steinull. Þar yfir kemur þolplast. Gólfplötur eru 22 mm. rakavarðar nótaðar spónaplötur skrúfaðar í gólfgrind.

VEGGIR: Veggjagrind er úr 48/123 mm. byggingatimbri (T 1 styrkleikaflokkad), og er bit á milli heilla stöða hvergi meira en c/c 60 cm. Stoðir eru festar við leiðara með 1,5 x 25 mm. girði sem er neglt með a.m.k. 9 stk. 75 mm. saum. Veggjagrind er fest við gólfgrind með 12 x 220 mm. borðaboltum c/c 85 cm. Veggir eru klæddir með 9 mm. krossviði. Loftunarlistar eru 22 x 50 mm. og klæðning utan á húsinu er 21 x 110 mm. lárétt vatnslæðning í flokki 1. Einangrun veggja er 125 mm. steinull. Þolplast er innan á veggjum og 22 x 45 mm. rafmagnsgrind. Klæðning innan á veggjum er panill í flokki 1.

ÞAK: Sperrur eru 48/148 mm. boltaðar saman í mæni með laska og 12 mm. borðaboltum. Skambbitar og gólfbitar svefnlofts eru úr sama efni og boltaðir við sperrur eða grind með 12 mm. borðaboltum, 2 stk. í hvorn enda. Sperrur eru festar með BMF vinklum, boltuðum gegnum sperru og langband veggjar. Yfir skyggni eru sperrur festar á 95/95 mm. bita með gegnumgangandi 12 mm. borðaboltum. Þakklæðning er 25/150 mm. heiklætt og neglt með 75 mm. saum, 3 stk í hverja sperru. Þar yfir kemur tjörupappi og bárujárn, fest með snúnum þaksaum, 14 stk. pr. m². Loftun þakklæðningar er 22 mm. listar og vindpappi strengdur undir. Einangrun þaks er 125 mm. steinull. Þar undir þolplast, 22 x 45 mm. listar og panill í flokki 1. Rennur, rennubönd og niðurföll eru úr galvanhúððu stáli.

GLUGGAR: Gluggar eru trégluggar með 2 foldu einangrunargleri. Í svefnherbergjum og á svefnlofti eru björgunarop 75 x 75 cm.

MILLIVEGGIR: Milliveggjagrindur eru 34/70 mm. klæddar með panill í flokki 1 og steinull sett í þá til hjóðeinangrunar.

STÆRÐ HÚSS:
GRUNNFLÖTUR 45,03 m², brúttó. 40,65 m², nettó.
RÚMMÁL: 133,75 m³, nettó.

SKÝRINGAR:

R Reykiskynjari
 B Björgunarop

SUMARHÚS TEG. 4503s

GRUNNMYND OG SNEIÐING

MÆLIKVARÐI 1:50

HÖFUNDARRÉTTUR: ÓLAFUR U. JÓHANNSSON

KT: 181059 - 3709

SÍMI 553-8746, GSM 899-8746